

**Aðalfundur Byggðasafns Vestfjarða, þriðjudaginn 28 maí, 2019, fundur er settur kl.10:15 á skrifstofu Byggðasafns Vestfjarða. Fundurinn er 104 fundur Byggðasafns Vestfjarða.**

Viðstaddir voru: Guðmundur Gunnarsson, bærarstjóri Ísafjarðarbæjar, Jón Páll Hreinsson, bærarstjóri Bolungarvíkurkaupstaðar, Helga Þórsdóttir starfandi forstöðumaður Byggðasafns Vestfjarða, Edda María Hagalín, fjármálastjóri Ísafjarðarbæjar, Rana Campbell starfsmaður Byggðasafns Vestfjarða var skrifari á fundinum og Bragi Þór Thoroddsen, sveitastjóri Súðarvíkurhrepps, fylgdist með aðalfundinum í gegnum síma.

**Dagskrá fundar:**

- 1. Farið yfir Ársreikning Byggðasafns Vestfjarða.**
- 2. Önnur mál.**

Edda María Hagalín, fjármálastjóri Ísafjarðarbæjar skýrir þá vinnu sem farið var í eftir athugasemdir frá löggiltum endurskoðendum og starfandi forstöðumanni við síðustu skoðun ársreikninga. Farið var yfir birgðastöðu safnsins hvað söluvarning varðar og reyndist safnið eiga vörur fyrir um 300.000 kr. fyrir utan bækur sem safnið fékk í arf frá Hjálmari R. Bárðarsyni, sem ekki kom fram á ársreikningi, birgðastaða verður metin aftur í árslok 2019 og skoðað hvort tilefni sé til að bókfæra hana. Einnig kom í ljós að 2 styrkir sem veitir voru hafa enn ekki skilað sér og verða því bókaðir á árinu 2019. Starfandi forstöðumaður kallar eftir þeim.

Edda María Hagalín og starfandi forstöðumaður eru sammála um þörf þess að skoða bókunarkerfi Byggðasafns Vestfjarða, þannig að hver liður í starfsemi safnsins bæði útgjöld og tekjur komi fram með enn skýrari hætti.

Eftir umræður um ársreikninginn var hann undirritaður.

Í tengslum við ársreikninginn, hafði síðasti fundur beðið starfandi forstöðumann að upplýsa stjórn Byggðasafns Vestfjarða um kostnað vegna sýningahalds. Helga Þórsdóttir upplýsir fundin um eftirfarandi niðurstöðu vegna sýningakostnaðar:

<b>Samtals, útlagt vegna Ég var aldrei barn árið 2017 og Harmónikusýningar.</b>	
Ótilgreindar vörur	51,013.00 kr
Sérfræðiþjónusta án VSK	261,720.00 kr
Ýmis vinna vegna uppsetningar Ég var aldrei Barn.	2,648,006.00 kr
Svansprent/BV, v. sýningar Karitas	353,400.00 kr
<b>Samtals</b>	<b>3,314,139.00 kr</b>

Styrkir vegna Ég var aldrei barn og Harmónikusýningar.	-	3,500,000.00 kr
Útlagður kostnaður vegna sýningahalds		3,314,139.00 kr
<b>Útkoma vegna sýningahalds, samtals.</b>	<b>-</b>	<b>185,861.00 kr</b>

Niðurstaðan er því jákvæð er nemur 185.861 kr. árið 2017.

Einnig var keyptir myndvarpar og hljóðkerfi fyrir 1,500,000 kr. sem var eignfært.

Byggðasafn Vestfjarða borgaði allan kostnað vegna Félagstíðinda við djúp árið 2017, en styrkur frá Safnasjóði upp á 750,000 kr. fékkst árið 2018 vegna þess verkefnis.

Heildarkostnaður og styrkir vegna Ég var aldrei barn, árið 2018 var eftirfarandi:

Styrkir fyrir ég var aldrei barn+ félagstíðindi við djúp (sama sýning)2018	-	3,350,000.00 kr
Útlagt vegna ég var aldrei barn 2018		1,121,549.00 kr
Rekstrarniðurstaða vegna uppsetningar Ég var aldrei barn 2018	<b>-</b>	<b>2,228,451.00 kr</b>

Niðurstaðan er því jákvæð vegna Ég var aldrei barn, er nemur 2.228.451 kr. árið 2018.

Heildar kostnaður vegna málþings er haldið var árið 2018 var 1.240.049 kr. Verkefnin Munir og Mynd, ásamt málþinginu sem haldið var samhliða opnun sýningarinnar samtals:

Styrkur	-	1,500,000.00 kr
Kostnaður		1,677,569.00 kr
Rekstrarniðurstaða uppsetning Munir og mynd, ráðstefna 2018		<b>177,569.00 kr</b>

Samtals heildarkostnaður verkefna sem tengjast sýningum hjá Byggðasafni Vestfjarða árið 2018

	Útlagt, Ráðstefna+Munir og Mynd.	1,677,569.00 kr
	Útlagt vegna ég var aldrei barn 2018	1,121,549.00 kr
	<b>Samtals</b>	<b>2,799,118.00 kr</b>

Samtals styrkir vegna sýninga Byggðasafns Vestfjarða árið 2018.

Innb. Uppb.sjóður (Fj.sb) ég var aldrei barn	-300.000 kr.
Innb. Safnasj. v. Félagstíðindi við Djúp	-750.000 kr.
Innb. Safnasj. v. Munir og mynd	-1.500.000 kr.
Innb. Safnasj. v. Ég var aldrei barn, seinni hl.	-2.000.000 kr.

Innb. Fjsamb. Vf. v. styrks, án gagna (seinni hluti ég var aldrei barn)	-300.000 kr.
Samtals	-4.850.000 kr.

Niðurstaða er jákvæð um 2.050.882 kr. á árinu 2018.

## 2. Önnur mál.

Helga Þórsdóttir, starfandi forstöðumaður gefur út yfirlýsingu:

*Mér, Helgu Þórsdóttur, finnst gróflega vegið að starfsheiðri mínum vegna niðurstöðu ráðningar stjórnar í starf forstöðumanns Byggðasafns Vestfjarða. Ég fer fram á rökstuðning, sem ég mun fara vandlega yfir ásamt lögmanni mínum, Önnu Guðrínu Pind Jörgensdóttur, munum við í framhaldi ákvarða hvort farið verði áfram með málið. Einnig mun Margrét Hallgrímsdóttir, þjóðminjavörður vera upplýst um málið sem og prófessor Sigurjón B. Hafsteinsson, umsjónamaður náms í safnafræði við Háskóla Íslands.*

*Ég er niðurlægð.*

Guðmundur Gunnarsson þakkaði stafandi forstöðumanni fyrir yfirlýsinguna.

Fundi var slitið kl. 10.38

Helga Þórsdóttir, starfandi forstöðumaður ritar fundargerð og sendir út til stjórnar Byggðasafns Vestfjarða til samþykktar.

Helga Þórsdóttir.